

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um dauðsföll af völdum tóbaksreykinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir Íslendingar létust af völdum tóbaksreykinga árlega á tímabilinu 1996–2005 í hverjum aldursflokki, 30 ára og yngri, 31–40 ára, 41–50 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?

Eftirfarandi svar er unnið með mikilvægri aðstoð Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar.

Hægt er að áætla hve margir látast af völdum reykinga á ákveðnu tímabili með því að nýta sér eftirfarandi upplýsingar:

1. fjölda á lífi í upphafi tímabils,
2. fjölda sem deyr á tímabilinu,
3. fjölda sem reykir í upphafi tímabils,
4. hlutfall áhættu (relative risk) þeirra sem reykja á því að deyja á tímabilinu miðað við þá sem ekki reykja.

Efni og aðferðir.

Gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda látinna eru tilbúin fyrir árið 2004 og því er reiknaður fjöldi látinna fyrir 10 ára tímabilið 1995–2004. Tölur um algengi reykinga 1995 voru fengnar frá Lýðheilsustöð. Afdrif reykingafólks miðað við þá sem ekki reykja voru metin með gögnum úr rannsóknum Hjartaverndar frá 1993–1996. Hefðbundin lifunarlíkön til að meta afdrif voru notuð til að meta áhættuhlutfall reykingamanna.

Niðurstöður.

Samkvæmt Hagstofu Íslands létust 14.834 einstaklingar á 10 árum af þeim 138.864 sem áttu lögheimili á Íslandi 1995. Alls eru þetta 1.483 á ári.

Tafla 1 sýnir hve margir að jafnaði létust á ári 1995–2004 eftir kyni og aldri í byrjun tímabils. Síðan er sýndur fjöldi og hlutfall þeirra sem látast vegna reykinga.

Tafla 1. Fjöldi dauðsfalla á ári vegna reykinga.

Kyn	Aldur 1995	Fjöldi 1995	Látnir á ári að jafnaði á næstu 10 árum	Þar af látnir vegna reykinga	Hlutfall dauðsfalla vegna reykinga
karlar	30–39	21.345	23	7	30,0%
	40–49	17.883	43	11	26,4%
	50–59	11.351	77	17	21,9%
	60–69	9.642	178	32	17,9%
	70–79	6.184	272	44	16,3%
	80–89	2.305	185	21	11,5%
konur	30–39	20.861	11	3	28,3%
	40–49	16.927	29	8	28,4%
	50–59	11.339	54	14	24,9%
	60–69	10.078	119	26	21,7%
	70–79	7.347	234	42	18,1%
	80–89	3.602	258	37	14,5%
Alls		138.864	1.483	263	17,7%

Tafla 2 sýnir sérstaklega hlutfall dauðsfalla á 10 árum fyrir þá sem tilheyrðu aldurshópnum 30–69 ára árið 1995. Hún sýnir að fimmta hvert dauðsfall karla í þessum aldursflokki er vegna reykinga og nærri fjórða hvert dauðsfall kvenna. Í heild telst því um fimmta hvert dauðsfall af öllum dauðsföllum fyrir áttætt verða vegna reykinga.

Tafla 2. Fjöldi dauðsfalla á ári vegna reykinga hjá körlum og konum í aldurshópnum 30–69 ára á árinu 1995 tímabilið 1995–2004.

Kyn	Aldur 1995	Fjöldi 1995	Látnir á ári að jafnaði á næstu 10 árum	Þar af látnir vegna reykinga	Hlutfall dauðsfalla vegna reykinga
kk	30–69	60.221	321	67	20,9%
kvk	30–69	59.205	213	51	23,8%
Alls		119.426	534	118	22,0%

Til samanburðar var beitt sömu aðferðum á þá sem voru á lífi 1985 og athugað hve margir létust 1985–1994. Þá verður niðurstaðan sú að um 366 dauðsföll urðu vegna reykinga á ári að jafnaði fyrir alla aldurshópa. Með öðrum orðum, að jafnaði mátti rekja *eitt dauðsfall á dag* til reykinga á tímabilinu 1985–1994!

Um 36% reyktu daglega 1985 en 27% árið 1995. Árið 2005 segjast um 20% reykja daglega. Miðað við þá minnkun reykinga hefði árlegur fjöldi dauðsfalla vegna reykinga 1995–2004 orðið 213 í stað 263, hefði þróunin orðið áratug fyrr.